



Áttun og umferli

Á Miðstöðinni eru starfandi umferliskennarar. Notendur Miðstöðvarinnar geta óskað eftir umferliskennslu og ráðgjöf sér að kostnaðarlausu.

Með umferli er lögð áhersla á stuðning til sjálfstæðis og hvatningu til virkni. Umferliskennarar annast kennslu og fræðslu um umferli og áttun og veita ráðgjöf um aðgengismál.

Hvað er umferli ?

Með umferli er átt við skilning einstaklings á umhverfi sínu. Lögð er áhersla á aðferðir og leiðir við að komast frá einum stað til annars innandyra sem utan. Áttun er lykilatriði í umferli og segir til um núverandi staðsetningu og hvert skuli fara. Kennileiti í umhverfinu eru mikilvæg en þau geta verið áþreifanleg eða sjónræn og auðvelda bæði áttun og rötun.

Markmið með umferliskennslu

- Þjálfun í notkun skynfæra
- Efling líkams-, rýmis – og umhverfisvitundar
- Hugtakþjálfun
- Rötun og áttun
- Minnisþjálfun
- Kennsla í notkun hvíta stafsins og annara hjálpartækja
- Kortalestur
- Að nýta kennileiti
- Að nýta leiðarlínur og áherslusvæði
- Leiðsögutækni

Hvernig fer umferðiskennsla fram

Lagt er mat á þörf fyrir kennslu og þjálfun.

Gerð er kennsluáætlun í samræmi við einstaklinginn

Búseta, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili,
hvíldarinnlagnir, félagsstarf, dagvistun.

Umferliskennsla getur farið fram á heimaslóðum, í skólum, vinnustað eða þar sem einstaklingurinn hefur þörf fyrir kennslu og þjálfun.

Kenndar eru aðferðir og leiðir við að öðlast öryggi og traust í umhverfinu.

Lögð er áhersla á samstarf við aðra þá sem koma að þjónustu við einstaklinginn.

Aðgengi

Gott aðgengi hefur áhrif á sjálfstæði einstaklingsins við að ferðast um. Umferliskennarar leiðbeina um aðgengismál á heimilum, skólum, vinnustöðum og annarsstaðar út frá þörfum blindra og sjónskertra einstaklinga.

Hjálpartæki í umferliskennslu:

Hvíti stafurinn

Sjónaukar

Staðsetningartæki, skynjarar og áttavitar

Upphleypt kort

Kennileiti

Hvernig er leitað til umferliskennara?

Notendur Miðstöðvarinnar og aðstandendur þeirra geta pantað tíma eða haft samband við umferliskennara Miðstöðvarinnar í síma 545-5800



**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir
blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga**

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | S. 545 5800 | midstod@midstod.is